

**Fundargerð stjórnar byggðasamlags UTU - 78. fundur
haldinn á Þingborg, 12.ágúst 2020
og hófst hann kl. 12:00**

Fundinn sátu:

Björgvin Skafti Bjarnason formaður, Árni Eiríksson, Halldóra Hjörleifsdóttir, Ingibjörg Harðardóttir, Guðmundur J. Gíslason og Helgi Kjartansson.

Fundargerð ritaði: Halldóra Hjörleifsdóttir.

Dagskrá:

1. Afgreiðslutími (opnunartími) UTU.

Lögð fram tillaga að opnunartíma afgreiðslu UTU. Opnunartími afgreiðslu verði alla daga frá kl 9-12. Símatími verði alla daga nema miðvikudag frá kl 9-12. Alltaf, á vinnutíma, er hægt að ná sambandi við starfsfólk UTU með tölvupósti. Auglýsa þarf vel breytingu á opnunartíma og símatíma.

2. Önnur mál

Erindi barst frá Grímsnes- og Grafningshrepp þar sem boðið er fram húsnæði undir embættið í húsnæði sem áformað er að byggja á Borg. Ingibjörg fór yfir erindið.

Rætt var um stöðu húsnæðismála UTU. Stjórn samþykkir að fá þær hugmyndir að breytingum á núverandi húsnæði sem Marey ehf hefur verið að vinna og kostnaðarmeta þær. Í framhaldinu verði svo metið hvort farið verði í greiningarvinnu á kostum og göllum þeirra húsnæðisvalkosta sem eru í boði.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:40

Björgvin Skafti Bjarnason

Árni Eiríksson

Helgi Kjartansson

Halldóra Hjörleifsdóttir

Ingibjörg Harðardóttir

Guðmundur J. Gíslason